

# Kuml að Þverá í Laxárdal, Reykdalehreppi, Suður-Þingeyjarsýslu




Adolf Friðriksson og Hildur Gestsdóttir  
Þjóðminjasafn Íslands/Fornleifastofnun Íslands

FS113-9925

Reykjavík 2000

## Kuml á Þverá í Laxárdal

Tilkynnt var um mannabeinafund í landi Þverár í Laxárdal, S.-Þing. og kannaði Adolf Friðriksson staðinn að ósk Hjörleifs Stefánssonar minjastjóra. Vettvangsathugun fór fram 8. september 1999. Jón Benediktsson bóndi á Auðnum vísaði á vettvang og afhenti beinafund.



Kumlið er á merkjum milli Auðna og Þverár

Fundarstaðurinn er á merkjum milli Þverár og Auðna, sem áður tilheyrðu Þverá. Á milli bæjanna eru 1,5 km, en kumlið er um 500 m norðan við Auðnir, og 1 km sunnan Þverár. Auðnir eru fremsti bær í Laxárdal vestan Laxár. Frá brún Laxárdalsheiðar ofan byggðar að vestan og niður að Laxá er aflíðandi halli og standa báðir bæirnir neðarlega í hallanum. Í dalbotninum rennur Laxá og liggur vegurinn milli bæjanna vestan með ánni. Kumlið er rétt ofan vegar þegar komið er að hliði á veginum að Auðnum (N 65°43.425, W 17°13.945) Þar er flag í kverkinni milli vegarins og girðingar sem liggur upp hliðina og er á merkjum.

Um 1945 var Benedikt Jónsson bóndi á Auðnum að taka mól í steypu til hlöðubyggingar í aflöngum melhrygg á þessum stað og fann þá hrossbein. Um 1985 var enn tekin þarna mól, að þessu sinni vegna vegagerðar. Nokkrum árum síðar tók Jón Benediktsson bóndi á Auðnum eftir beinaleifum þar í flaginu og tindi þau upp. Reyndust það vera hrossbein og mannabein, lítilfjörlegar leifar, en engir gripir. Árið 1998 ýtti hann jarðvegi þar til og bar á áburð til að rækta upp flagið. Ekki komu í ljós bein eða ummerki um greftrun þá.



*Myndin er tekin úr norðri. Í forgrunni er flagið þar sem kumlið fannst og sér yfir til bæjarins á Auðnum.*

Beinaleifarnar sem Jón tíndi upp á sínum tíma reyndust vera úr manni og dýri. Hildur Gestsdóttir athugaði mannabeinin. Eru þau öll höfuðbein, þ.e. fáein brot úr hnakka og eiga þrjú þeirra saman. Beinin eru óvenju lítil, en annað verður ekki sagt um aldur hans en að hann er fullvaxinn. Ekki er hægt að ákvarða kyn þessa einstaklings útfrá þessum leifum. Dýrabeinin hafa ekki verið greind af sérfræðingi er ljóst er að þau eru öll úr hrossi að frátalinni einni tönn sem líklega er úr svíni. Hrossbeinin eru úr hæggra afturfæti, þ.e. hælbein, leggur og hné. Einnig er ein hrossstönn og brot, þ.á m. úr hryggjarlið. Þar sem beinin úr fætinum fundust öll saman verður að teljast afar ósennilegt að þetta séu leifar af dýri sem hefur verið slátrað til matar. Eru þetta leifar kumlhests sem staðfestir að hér er fundinn greftrunarstaður úr heiðni. Staðsetningin kemur heim og saman við marga aðra kumlfundi, þ.e. á e.k. hávaða utan túns, skammt frá bæ. Ef kumlið er frá Þverá, er fjarlægðin óvenju mikil. Ekki er vitað hvenær byggð hófst á Auðnum, en freistandi er að álykta að kumlið sé frá þeim bæ og má þá vera að þarna hafi verið búið frá fornu fari. Það er einnig athyglisvert að kumlið er á þeim stað þar sem nú eru landamerki á milli bæja, þó Auðnir hafi lengstum tilheyrt Þverá. Einnig er vert að nefna að það er fast við veginn þar sem hann er nú. Hafi leiðin suður í Mývatnssveit legið hér um í fyrndinni er hér enn komið dæmi um að menn hafi valið kumlstæði við vegi og götur.

Við vettvangsathugun 1999 var yfirborð og rask á kumlstæðinu skoðað vandlega, en ekki grafið eftir mögulegum fornleifum. Ekki kom í ljós leifar af greftrunarbúnaði eða neitt sem minnti á fyrri kumlfundi. Þar sem alloft hefur verið hreyft við staðnum er ekki ósennilegt að legstaðurinn sé að mestu eyðilagður, að því undanskildu að þarna kunna að leynast leifar kumlateigs. Ekki verður úr því skorið nema með uppgrefti og var ekki í það ráðist að svo stöddu. Fróðlegt gæti verið að gara þarna frekari rannsókn og freistast til að leita að botni grafanna og reyna að finna óröskuð kuml.